

Reykjavík, 17. maí 2024
2403263 VR / 20.0/

Efni: Umsögn VR um 939. mál- Samvinnufélög, Evrópufélög og evrópsk samvinnufélög

VR fagnar framkomnu frumvarpi um breytingar á lögum um samvinnufélög og telur að með því sé stígið mikilvægt skref í að gera starfsmanna-samvinnufélög að raunhæfum valkosti í atvinnurekstri hér á landi. Vísum við þar sérstaklega til þeirrar breytinga sem fram koma í 2.gr þar sem fjölda sem þarf til þess að stofna samvinnufélög er breytt úr 15 í þrjú.

Með þessari breytingu teljum við að rutt sé úr vegi hindrun sem hafi orðið til þess að hér á landi þekkist ekki starfsmanna-samvinnufélög sem séu vinsælt félagaforn í fjölda landa. Slík félög hafi það að markmiði að stuðla að framgangi viðskiptahugmynda í lýðræðislegum félögum, þar sem starfsfók taki þátt í stefnumótun og stjórnun. Þetta frumvarp sé því í fullu samræmi við áherslur bæði VR og ASÍ varðandi starfsmanna-samvinnufélög.



Ragnar Þór Ingólfsson
Formaður VR